



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Austurborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat xxx deildar	Error! Bookmark not defined.
3 Ytra mat	Error! Bookmark not defined.
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
6 Foreldrasamvinna	22
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
8 Fylgigögn.....	23
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	23
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	23
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	23



Leiðarljós leikskólans: Vil, Get og kann

Við höfum trú á að öll börn vilji ,geti og kunni ef þau fá tækifæri til að gera hlutina sjálf/eða með stuðning kennara. Kennarar verða alltaf að hafa þessi leiðarljós í huga við nám og leik barnanna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Miklar breytingar áttu sér stað á þessu skólaári 2018-19 og var á köflum mjög erfitt að halda öllu starfi gangandi. Tveir deildarstjórar hættu hjá okkur, önnur tók við leikskólastjórastöðu í Vinagerði um vorið en hinn fór þangað eftir sumarfrí sem deildarstjóri. Tveir starfsmenn fóru í fæðingaroflof eftir sumarfrí og var annar sérkennslustjórinn okkar. Tveir starfsmenn voru einnig í löngu veikindafríi sem endaði með uppsögn þeirra ásamt því að fjórir starfsmenn hættu um haustið til að fara í nám. Eins og sjá má þá voru miklar starfsmannabreytingar og þurftum við að leggja áherslu á mannauðin okkar og halda vel utanum nýja starfsmenn.

Við vorum svo heppin að ráða til okkar áhugasamt starfsfólk en margir voru að koma beint úr námi og því óvanir starfinu. Það veldur oft miklu álagi á aðra starfsmenn þegar margir nýliðar byrja. Móttaka nýrra starfsmanna verður þá meira í höndum fárra aðila og þar af leiðandi meira álag á þeim. Það fer því meiri tími í að halda utanum helstu áherslu og vinnubrögð í starfinu sem snerta börnin.

Ásamt því álagi að vera með marga nýliða í starfi voru fjórir starfsmenn í fjarnámi í HÍ í leikskólakennaranámi og þurftu þau að fara í 4x um veturinn í vikuinnlotur og í 4-5 vikur í vettvangsnám á annan leikskóla á vorönninni þannig að það var auka álag að missa þá úr starfinu, en við viljum leggja okkur fram um að fjölga leikskólakennurum.

Þrír nemar voru hjá okkur í vetur tveir frá Háskóla Íslands og einn úr leikskólaliðabrot frá Borgarholtsskóla og erum við stolt af að fá nema til okkar. Þessi samvinna hefur gefið mikið til leikskólans og eflir okkur í símenntun.

Um vorið þurftum við að gera breytingar í eldhúsinu og kaupa mat frá Matartímanum en hann er vörumerki í eigu Sölufélags garðyrkjumanna en þeir eru með rammasamning við Reykjavíkurborg fyrir þessa þjónustu. Fyrstu mánuðina sáum þau alfarið um eldhúsið það er að segja starfsmaður frá þeim kom og eldaði matinn en seinna réðum við starfsmann sem sá um eldhúsið.

Aðlögun barna gekk að vonum vel en á þessu hausti fengum við fækkun á börnum úr 100 niður í 97 börn í skólann og er það liður í því að koma til móts við meira rými fyrir börnin og árið 2020 er fyrirhugað að fara niður í 94 börn. Á yngstu deildinni drógst aðlögunin þó nokkuð fram í haustið þar sem við fengum nokkur einsárs börn sem þurft að vera mikið á handlegg. En þegar leið á veturinn féll allt í góðan farveg og börn og starfsmenn náðu að njóta sín.

Það sem einkenndi starfsmannahópinn þennan vetur var sú ánægjulega staðreynd að hafa tíu karlmenn starfandi við leikskólann. Staðblærinn í skólanum breyttist þó nokkuð til batnaðar þó að sumum fundist nóg um fótboltaumræðu á kaffistofunni en strákunum fannst það ekki leiðinlegt. Þeir héldu þétt um hópinn sinn með sér strákakvöldum ásamt því að taka þá í sameiginlegur skemmtinefndarfjóri leikskólans.



Nú er leikskólinn búinn að vera „Leikur að læra“ leikskóli frá því árið 2016 og vinnan hefur gengið framfar öllum vonum þar sem að starfsfólk, börn og foreldrar voru mjög duglegir að tileinka sér vinnuna /verkefni og halda ótrauð áfram.

Það sem að við höfum nýtt sem samanburð á vinnunni með Leikur að læra er útkoma elsta árgangsins úr máhljóða skimuninni Hljóm-2, þar sem að við sjáum miklar framfarir og mun hærri meðaltölu en við sáum áður. Við erum viss um að Leikur að læra kennsluhættirnir gera námið auðveldara og skemmtilegra fyrir börnin, þau læra af endurtekningum og kennslan situr meira eftir, sem sýnir sig á útkomu Hljóm-2 skimuninni.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíðinni 9. apríl 2019 í Hörpu en þar voru haldnir sameiginlegir tónleikar leikskólabarna. Þeir voru samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins og var þemað í ár „Lífið er heimsins besta gottery“ og fluttu þau lög eftir Jóhann G. Jóhannssonar. Það var stórbrotin sjón að sjá um 300 leikskólabörn syngja fyrir troðfullum Eldborgarsal Hörpu. Margir foreldrar voru viðstaddir og stóðu börnin sig frábærlega vel svo unun var að.

Jólagjafir barnanna vöktu verðskuldaða athygli eins og undanfarin ár en hvert og eitt barn að undanskyldu yngstu börnum skólans er tekið á eintal og spurt hvað það vill gefa foreldum sínum í jólagjöf. Þessi viðtöl voru öll skráð ásamt ferlinu við hönnun gjafanna og fengu foreldrar skráningarbók með hverri gjöf. Hefur þetta fyrirkomulag gefist vel og er foreldum og börnum tilhlökkunarefni og stór liður í lýðræðisþátttöku barna.

Starfsmannafélagið er mjög öflugt og gerðum við ýmislegt okkur til fróðleiks og skemmtunar. Við stóðum fyrir : Óvissuferð, Pub Quis, Jólagleði, í fimleikasal í Egilshöll , badminton, Laugar spa og ýmis skemmtikvöld og vogleði með grilli. Jákvæður og skemmtilegur starfsmannahópur sem er alltaf tilbúin að fara ótroðnar slóðir.



2 Kattholt

Kattholt er elsta deildin á Austurborg. Á Kattholti í vetur voru 27 börn í byrjun vetrar en fjölgaði í 28 börn eftir áramót. Deildin var með tvo árganga í vetur og af þeim voru 17 börn fædd 2013 og 11 börn fædd 2014. Kynjahlutföllin voru nokkuð jöfn en það voru 16 stúlkur og 12 drengir.

Deildarstarfið hefur verið erfitt á deildinni í vetur, það var mikið um mannabreytingar, alls voru 3 deildarstjórar í vetur og tveir starfsmenn hættu um miðjan vetur, einnig var einn starfsmaður í vettvangsnámi og var því frá í rúman mánuð. Við gerðum allt til að þessar breytingar myndu sem minnst hafa áhrif á börnin og færðum því eitthvað af starfsfólki af öðrum deildum (sem börnin þekktu) inn á deildina til að þetta væri sem auðveldast fyrir börnin.

Þrátt fyrir allar þessar breytingar innan deildarinnar var margt sem gekk vel, til að mynda gekk Leikur að læra starfið mjög vel. Einn starfsmaður sá alfarið um það á deildinni og skipulagði það mjög vel og mátti sjá miklar framfarir hjá barnahópnum eftir vinnu vetrarins. Íþrótta tímarnir sem eru einu sinni í viku gengu einnig mjög vel, börnin fengu að prófa alls kyns íþróttir t.d. frjálsar íþróttir, hand- og fótbolta, stöðvapjálfun, leikir svo eitthvað sé upp talið.

Annars gekk starfið ágætlega og virtust börnin hafa gaman af því að koma í leikskólann ef marka má foreldra úr foreldraviðtölum. Þó að starfsfólkið hafi fundið fyrir róti á deildinni virtist það ekki hafa áhrif á foreldra né börn sem virtust taka öllum breytingum mjög vel og foreldrar yfirleitt mjög ánægðir.

Í vetur höfum við verið að vinna með þema í hópastarfi, unnið var með tröll og bókin Ástarsaga af fjöllum lesin og vinna út frá henni, einnig fórum við á safnahús þar sem börnin fengu skemmtilega fræðslu um álfa og huldufólk. Hafið var eitt þema þar sem við horfðum á náttúrulefsspætti og skreyttum deildina með fiskum. Víkingar, var eitt verkefnið þar sem við lásum víkingasögur.

Við höfum líkt og fyrri ár verið í góðu samstarfi við grunnskólann í hverfinu Háaleitisskóli Hvassaleiti) og frístundina (Krakkakot). Samstarfið gekk vel og fórum við í heimsóknir til þeirra og þau heimsóttu okkur. Við fengum að fara í smíðakennslu, kennslustund með 1.bekk, 4. bekkur las fyrir okkur svo fóru 3.bekkingar með okkur í kynningarferð um skólann og svo fengum við að koma nokkrum sinnum í heimsókn í frístundina þar sem við annað hvort fengum að koma að morgni og leika okkur sjálf eða við komum seinni partinn þar sem við lékum við vini okkar sem voru á Austurborg í fyrra.

Einnig höfum við verið mjög dugleg að nýta okkur söfn Reykjavíkurborgar þar sem við höfum fengið að kynnast alls kyns menningu og listum. Börnin töluðu um að þeim þætti mjög skemmtilegt að fara í



Þessar ferðir en auðvitað voru það sumir staðir sem stóðu upp úr líkt og Safnahús, Sjómannasafnið, Hvalasafnið og Húsdýragarðurinn.

Deildarfundir, hafa verið á dagskrá aðra hverja viku en oftast en ekki gleymst eða ekki verið starfsfólk til að passa upp á börnin okkar á meðan við höldum fund eða vantað starfsfólk á okkar deild. Það er eitthvað sem þarf að passa uppá, því það er svo mikilvægt að starfsfólk deildarinnar fái að setjast niður og ræða mál sem upp koma strax. Þessir fundir eru einnig notaðir til að fara yfir hópastarf, hvernig starfsfólki líður á deildinni, förum yfir sérkennslu á deildinni og einna helst til að geta verið samstíga í þeirri vinnu sem við erum að vinna.

Í vetur höfum við haft morgunfundi með börnunum tvisvar í viku þar sem börnin fá möguleika á að segja frá helginni sinni eða öðru sem þeim býr í brjósti. Börnin hafa komið með skemmtilegar hugmyndir af verkefnum sem við höfum unnið, einnig hafa þau komið með hugmyndir af ferðum. Ekki voru allar hugmyndir barnanna mögulegar en við reyndum eins og við gátum að hlusta á það sem þau höfðu að segja og reyna að koma þeim hlutum í framkvæmd.

Umbótaþættir Kattholt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vináttuverkefnið	Að unnið sé eftir verkefni Barnaheilla um vináttu. Í vetur datt þetta verkefni oft út þar sem enginn var með yfirumsjón yfir því.	Að verkefnið sé unnið í hópastarfsstundum. Einn kennari sér um verkefnið og sér um að skipuleggja.	Verkefnið byrjar í september og er tvisvar í viku í hópastarfi.	Deildarstjóri sér um að úthluta verkefninu á einn starfsmann.	Endurmat verður tekið á deildarfundum og þá rætt hvað sé að ganga vel og hvað þarf að bæta.	Að börnin læri að setja sig í spor annarra og geti sett orð á eigin félagslegar upplifanir góðar og slæmar.
Listasmiðja	Helsta markmiðið með listkennslu er að börnin fái að njóta sín í sköpun og að þeim sé kynntir	Að sá sem sér um listkennslu fái tíma til að skipuleggja kennslustundina áður en hún byrjar og fái	Listasmiðjan byrjar í september og er unnið með listsköpun fram í maí. Í desember er starfið í	Deildarstjóri sér um að úthluta ábyrgðinni á einhvern einn starfsmann sem heldur utan um listsköpun barnanna á deildinni í	Í vetur var mjög óljóst hver ætti að sjá um listkennslu á deildinni og því datt sú vinna oft upp fyrir.	Að börnin fái að upplifa margbreytilei kann innan listsköpunar.



	mismunandi möguleikar til listsköpunar.	undirbúning til að skipuleggja og ganga frá verkefnum.	listasmiðju bundið jólagjöfum barnanna og annars jólaundirbúnings.	samstarfi við deildarstjóra.		
Hópastarf	Fyrir áramót var hópastarf 5 daga vikunnar sem var allt of mikið og höfðu starfsfólk ekki undan að skipuleggja. Hópastarf á ekki að vera þvingandi hvorki fyrir börn né starfsfólk. Því þarf að passa upp á tímaramma kennslunnar og að hún verði markviss.	Að hópastaf verði markvisst tvisvar í viku. Að börnunum sé skipt upp í minni hópa þar sem unnið er að einhverju vissu verkefni í hverjum hóp fyrir sig.	Vanalega byrjar hópastarf í byrjun september eða strax að lokinni aðlögun og fram í maí. Að undanskildum desember þar sem jólaundirbúningur tekur yfir deildinni.	Deildarstjóri skiptir verkefnum á milli starfsmanna deildarinnar og svo eru deildarfundir nýttir til að fara yfir hópaskiptingu barnanna og verkefni hvers hópstjóra fyrir sig. Hvað gangi vel og hvað þarf að laga.	Endurmat mánaðarlega á deildarfundum.	Að börnin fái víðan skilning á vissum verkefnum. Þau læri að vinna í hóp og taka tillit til hinna sem eru í hópnum. Að hópastarf sé ekki íþyngjandi fyrir starf deildarinnar en að það sé markvisst og skipulagt.
Söngur og lestur bóka	Lestur bóka hefur verið fastur liður í skipulagi deildarinnar. Markmið lestsins var ekki ljós og ekki skipulagt hvaða bækur væri verið að lesa hverju sinni og því voru börnin kannski að hlusta á tvær mismunandi sögur til skiptis, í stað þess að klára eina. Markmiðið	Setja upp í samverustund hvaða bók sé verið að lesa og á hvaða blaðsíðu sé komið þannig að næsti starfsmaður geti haldið áfram. Einni að það sé ljóst hvaða bók eigi að lesa næst þegar bók klárast. Einnig þarf að vera ljóst hvaða lög er	Lestur og söngur byrjar alveg frá fyrsta degi eftir sumarfrí enda eru samverustundir notaðar til að ræða málin og börnin fá möguleika á að segja frá upplifunum sínum og hlusta á aðra segja frá.	Deildarstjóri í samstarfi við starfsfólk deildarinnar.	Endurmat þegar við á.	Að börnin læri að sitja og hlusta. Markmið lests er að dýpka orðaforða barnanna, fá þau til að furða sig á hlutum og spyrja spurninga. Við söng þá er megin markmiðið að kenna börnunum texta og að þau læri utan að.



	<p>verði að allir starfsmenn viti hvaða bók er verið að lesa hverju sinni og að það sé skipulagt ef ein bók klárast hvaða bók verði lesin næst.</p> <p>Söngkennsla gekk mjög vel, lærðu börnin mikið af lögum og æfðum fyrir barnamenning arhátíð þar sem börnin stigu á svið í Hörpu og sungu fyrir fullum sal.</p>	<p>verið að æfa þannig að allir starfsmenn séu með það á hreinu.</p>				
LAL	<p>Gekk mjög vel í vetur. Það þarf samt sem áður að passa að gefa verkefninu pláss í skipulagi og að sá starfsmaður sem sér um verkefnið verður að fá að komast í undirbúning til að skipuleggja sig og setja markmið með starfinu. Foreldraverkefnið þarf einnig að vera í höndunum á einhverjum einum</p>	<p>Að starfsmaðurinn fái tíma til að undirbúa verkefnið og að hann fái tíma til að setja verkefnið upp áður en börnin koma í stundina. Það er vont að vera að setja verkefnið upp með börnin yfir sér.</p>	<p>Það er fyrirfram ákveðinn tímarammi fyrir LAL. Það byrjar 1.sept.-31.nóv. og svo aftur frá 1.jan.-31.maí. Tvær kennslustundir í viku og foreldraverkefni tvo morgna í viku.</p>	<p>Verkefnastjóri LAL er með yfirumsjón yfir verkefninu en vinnur í samstarfi við einn starfsmann hvernar deildar.</p>	<p>Endurmat er endalaust í LAL þar sem að huga þarf að hópnum og einstaklingum innan hópsins. Það þarf að setja hópana upp eftir getu og svo þarf að finna verkefni sem henta hverjum hóp, þó svo að allir séu að vinna að sama markmiðinu.</p>	<p>Viðmiði er að börnin njóti sín í kennslustundinni. Viðmið kennslunnar eru fyrirfram ákveðin með kennsluáætlan LAL.</p>
Vinnustaðarheim sóknir	<p>Það þarf að ná betur til foreldra en</p>	<p>Í byrjun vetrar að kynna</p>	<p>Allur veturinn, líklega</p>	<p>Deildarstjóri ber aðal ábyrgð á þessu verkefni</p>	<p>Þetta verkefni þarf bara að</p>	<p>Markmiðið með þessu verkefni er</p>



	<p>náðist í ár. Þrátt fyrir ítrekaða pósta um að biðja foreldrar að bjóða í vinnustaðarhei msóknir þá virtust foreldrar ekki taka það til sín. Af 17 börnum í skólahóp þá voru það tveir feður sem buðu á sinn vinnustað sem eru fæstu ferðir sem við höfum farið í frá því að verkefnið byrjaði hjá okkur.</p>	<p>verkefnið ítarlega fyrir foreldrum. Foreldrar eiga til að mikla þetta fyrir sér en þetta þarf ekki að vera neitt vandamál. Að verkefnið sé kynnt almennilega þá munu foreldrar vonandi taka betur í þetta verkefni.</p>	<p>byrjum við fyrst í september eða eftir aðlaganir nýrra barna.</p>	<p>og að vera í samskiptum við foreldra.</p>	<p>endurmeta yfir veturinn eftir þörfum.</p>	<p>að kynna börnum fyrir fjölbreytileik a vinnuvettvangsins. Opna augu barnanna fyrir alls konar menningu og stöðum og ekki síst að barnið fái að sýna vinum sínum vinnustað foreldra eða annars foreldris síns.</p>
--	---	--	--	--	--	--



Ólátagarður

Ólátagarður er næst elsta deildin á Austurborg. Þar eru börn fædd 2014 og 2015. Á Ólátagarði hefur aðal áhersla starfsins verið námsþættir Aðalnámskrá þar sem starfsfólk hefur unnið saman að samþætta þessa þætti. Þeir námsþættir sem við unnum með voru: læsi, lýðræði, hreyfingu, jafnrétti, mannréttindi og verk- og listnám. Læsi og hreyfing skipuðu stóran sess í starfi okkar og var að mestu unnið í gegnum hugmyndafræði *Leikur að læra*, en þar er unnið með nám í gegnum leik og hreyfingu. Í vetur var lögð áhersla á stærðfræði í *Leikur að læra*, einnig var unnið með stafi, liti, form og rím. *Leikur að læra* var að jafnaði tvisvar í viku og svo voru einnig foreldra verkefni tvisvar í viku.

Þrátt fyrir hreyfinguna sem *Leikur að læra* felur í sér var einnig lögð áhersla á íþróttir í vetur. Börnin fóru í ýmis konar regluleiki, líkt og hlaupa í skarðið og dimmalimm. Þegar veðrið var ekki uppá marga fiska var sett upp þrautabraut í salnum þar sem börnin fengu fjölbreytt verkefni tengt hreyfingu og líkamsfærni líkt og jafnvægisæfingar og hopp og skopp.

Listasmiðjan var vel nýtt í vetur. Einnig voru ýmis munir teknir inn á deild þannig að listrænt og skapandi starf var ekki einungis bundið við listasmiðjuna. Þau fengu tækifæri til að mála með ýmis konar málningu, aðferðum og fengu oft að stýra ferðinni að miklu leyti. Ef þau vildu prófa að vinna með leir þá var það gert og þau lærðu margt nýtt og fengu einnig að þjálfa sig í því sem þau kunna nú þegar. Til að mynda fengu þau að stimpla með málningu, rúlla, fingramála og gamla góða aðferðin með penslum. Sum börn fengu einnig tækifæri á að grípa í hamar og sög en þau völdu að gera skúlptúra sem kröfðust þess af þeim.

Lestur bóka ásamt söng var uppistaða samverustundanna okkar. Fjölbreytt efni var valið þó svo börnin fengu einnig að blómstra með því að syngja þau lög sem þau þekkja rosalega vel. Valið á bókum var ekki handahófskennt heldur reyndum við að velja viðfangsefni bóka og laga í samræmi við hópastarf þeirrar stundar, grunnþætti menntunar eða árstíðir.

Hópastarfið gekk að okkar mati mjög vel. Við skilgreindum það sem *leikur að læra* stundirnar, ferðir, listasmiðja og frjáls leikur. Börnin höfðu gaman af og voru alltaf viljug og reiðubúin að taka þátt í þeim stundum. Börnin höfðu einnig val um þátttöku. Þau voru ekki neydd til neins sem þau voru ekki viljug til að taka þátt í.

Vinátuverkefnið var þó eitthvað sem við stóðum okkur ekki vel í. Allur leikskólinn er þó með þetta verkefni í starfi sínu og því verður það okkar markmið fyrir næsta ár að bæta úr því.

Við höfum reglulega fundi með börnunum þar sem þau koma með óskir um verkefni eða ferðir, einnig fá þau möguleika á að segja hvað þeim fannst skemmtilegt og hvað hefði betur mátt fara. Börnin töluðu um að þeim fannst skemmtilegast að fara í ferðir og vinna með Margaridu í listasmiðju þar sem unnið var úr ferðum og þemavinna með sköpun og listir. Foreldra töluðu einnig um hve ánægðir þeir voru í foreldraviðtölum í vor og ræddu foreldrar ánægju sína að fyrra bragði sem var mjög skemmtilegt að heyra.



Umbótaþættir Ólátagarður	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
LAL	Að börn nái tókum á tölum, bókstöfum, litum, formum og rími í gegnum leik. Sú hefur verið raunin í vetur og teljum við litla sem enga þörf á umbótum.	Öllum markmiðum náð. Engin þörf á umbótum.	Tvær stundir í viku með kennara ásamt foreldraverk efnum. Hefst í september og lýkur í maí	Deildarstjóri fylgist með.	Deildarstjóri metur stöðu barna um miðjan október. Séu gæði starfsins að dala verður ráðist í umbætur.	Að börn séu að læra það sem áður var talið upp við skemmtilegar og krefjandi aðstæður í hreyfingu og leik.
Vináttuverkefni	Að hefja starf sem felur í sér starfið frá barnaheill.	Kennari verður með eina til tvær stundir í viku í hópstarfinu að annast vináttuverkefnið.	Strax í september að lokinni aðlögun förum við af stað með verkefnið samhliða hópstarfinu.	Unnur mun fara með forystu og Rannveig veitir eftirlit.	Fylgjast með tímum og sjá hvort þeim sé framfylgt. Staða verður tekin einu sinni í mánuði. Aðra viku hvers mánaðar.	Að verkefnið sé framkvæmt og því fylgt eftir.
Söngur og lestur bók	Að vera enn skýrari að tengja saman viðfangsefni bóka og söngs við hópstarf og árstíðir.	Vera hnitmiðaðri og skýrari með það starf sem í gangi er. Skoða síðan þær bækur sem í boði eru og velja í samræmi við það.	Strax í september þegar að hópstarf og listasmiðja er farið af stað. Skoða bækurnar vel og velja þær með börnunum og með hópstarfið til hliðsjónar.	Ísleifur fer í þetta undir vökulu auga deildarstjórans.	Í hvert skipti sem skipt er um þema þarf að endurmeta bækur og lög sem unnið er með.	Að viðfangsefni bókana endurspegli það starf sem í gangi er inni á deild.
Hópstarf	Okkar helsta markmið er að börnin hafi spennandi og	Að vera vakandi fyrir því hver áhugi	Þetta þarf alltaf að vera til hliðsjónar þegar kemur	Deildarstjóri í samstarfi við starfsmenn deildarinnar en	Sífelld þarf að meta hópstarfið þar sem það	Að börn séu glöð og viljug að taka þátt. Þeim er



	<p>skemmtilega kosti fyrir framan sig til að vinna með og geti valið úr. Einnig þarf starfið að taka mið af getu barnanna svo allir hafi viðfangsefni við hæfi.</p>	<p>barnanna er. Hversu virk þátttaka þeirra er í starfinu og meta það hverju sinni.</p>	<p>að hópastarfi. Allar stundir þarf að meta út frá áhuga og virkni barna allt árið um kring.</p>	<p>allir sjá um hópastarf á einn eða annan hátt.</p>	<p>er þungamiðja leikskólastarfsins.</p>	<p>ögrað á nýjan og spennandi hátt í hverri viku og læri allt sem við getum mögulega kennt þeim.</p>
--	---	---	---	--	--	--



Bangsaland

Bangsaland er næst yngsta deildin á Austurborg og eru börnin þar fædd frá ágúst 2015- apríl 2016. Aðal áherslur Bangsalandis hafa verið að kenna börnunum að vera hluti af hóp, að vera vinur og þetta sé vinaleikskóli. Áheyrsla hefur einnig verið að gera krakkana að virkum þátttakendum inn á deild og sjálfstæðum einstaklingum. Krakkarnir eru flest öll orðin mjög dugleg að klæða sig sjálf og þau taka þátt í að taka saman á deildinni og setja hlutina á sinn stað.

Í hópastarfi höfum við lagt mikla áherslu á Leikur að læra, listasmiðju, íþróttir, Vináttuverkefnið og námsþætti Aðalnámsskrár Reykjavíkurborgar. Það hefur gengið vel að vinna eftir námsþáttunum sem hafa tvinnast inn í nánast allt starf deildarinnar.

Leikur að læra hefur gengið ágætlega í vetur. Smá óvissa var með starfsmenn í byrjun og misstum við þann starfsmann sem ætlaði fyrst að taka að þér LAL og nýr starfsmaður var settur í verkefnið. Allt hefur gegnið eftir plani síðan þá. Foreldra verkefni voru hvað mest á sínum stað og voru foreldrar og börn mjög áhugasöm. Aðallega einn starfsmaður deildarinnar sá um LAL vinnuna á deildinni sem hefur gengið vel. Börnin hafa hvað mest lært bók- og tölustafi en formin og litirnir hafa líka komið inn og svo má ekki gleymi lærdómnum að standa og bíða í röð og fara eftir ákveðnum reglum sem kemur frá leikur að læra stundunum. Bæði kennarar og foreldrar sá mikinn mun á krökkunum eftir veturinn.

Vináttuverkefnið hefur gegnið vel inn á deild. Að jafnaði hefur verið farið í það einu sinni í viku. Vináttuverkefnið er oftast framkvæmt í samverustundum þar sem Blær Bangsi kíkir í heimsókn, lesnar eru sögur með honum og dæmis-spjöldin skoðuð saman. Síðan er geisladiskurinn settur í tækið og börnin syngja og dansa við vináttulögin. Börnin eru orðin mjög dugleg að hlusta og eiga í góðum samræðum um vináttu í þessum stundum. Gaman að segja frá því að foreldrar taka eftir framförum á tilfinningasviði barnanna heima við. Þetta er mjög skemmtilegt verkefni sem krakkarnir sýna mikinn áhuga. Hefðum getað haft þetta verkefni tvisvar í viku, jafnhliða LAL. Erum samt ennþá að bíða eftir tösku frá verkefninu sem hentar yngri börnum.

Listasmiðja og íþróttir hafa að jafnaði verið einu sinni í viku í vetur. Bæði listasmiðjan og íþróttirnar hafa gengið mjög vel og mikið hefur verið um fjölbreytni í þessum stundum. Í listasmiðjunni var mikið unnið með fínhyfingar, klippa, halda á blýanti/pensli og yfir höfuð leyfa sköpun barnanna að njóta sín. Í íþróttunum var markmiðið að kynna börnunum fyrir almennri hreyfingu og fjölbreytni hennar. Mikið hefur verið um boltaíþróttir, stepp og þrautabrautir.

Því miður var það útinámið sem sat á hakanum hjá okkur í vetur. Veðrið var stór áhrifavaldur þar og aldur barnanna. Farið var þó í ýmsar ferðir, á bókasafnið, niðri bæ um jólin, húsdýragarðinn, strætó ferðir o.s.frv. Við munum reyna bæta útinámið upp núna í byrjun sumars og í sumar.

Þegar litið er yfir veturinn 2018 – 2019 þá má sjá að það sem stendur upp úr er LAL, listsköpun, hreyfing, skráningar og vináttuverkefnið. Það sem að gerði þessa vinnu fram yfir annað auðveldara var að starfsfólk deildarinnar hefur mismunandi áhugamál og því fengu allir starfsmenn að vinna með það sem þau eru best í. Það sem að gerir gott starf er gott samstarf á milli starfsmanna og hafa starfsmenn deildarinnar unnið mjög vel saman, þó ólíkir séu.

Hópastarf Bangsalandis í vetur hefur einkennst af Leikur að læra, vináttuverkefninu, listasmiðju og íþróttum þær umbætur sem mætti gera þegar kæmi að hópastarfi á Bangsalandi væri að taka fyrir



ákveðin þemu sem einkenna ákveðið tímabil inn á deild. Þar sem til dæmis dýrin eða mannlíkaminn eru tekin fyrir og kynnt krökkunum. Sama með sönglög í samverum, vera þar með ákveðin lög yfir ákveðið tímabil og skipta svo.

Þær umbætur sem þyrfti að vinna með á Bangsalandi næsta vetur er að hafa í huga að hafa vináttuverkefnið tvisvar í viku og ganga eftir þessari tösku fyrir yngri börnin. Verkefnið var aðeins of þungt fyrir þau yngstu, þá sérstaklega þegar kemur að samræðum. Þurfti smá að velja viðeigandi samræðu-spjöld og svo framvegis. Í leikur að læra hefði mátt koma öðrum starfsmanni inn í verkefnið, bæði til að fá meiri fjölbreytni í leikur að læra stundunum og almenna kunnáttu á kennsluaðferðinni

Deildarfundir voru á tveggja vikna fresti til að byrja með en eftir því sem leið á veturinn varð erfiðara að framkvæma þessa deildarfundir. Reynt var eftir bestu getu að halda þá þegar starfsfólk mætti og hægt var að leysa af inn á deild. Það sem var erfitt í vetur var að vinna í kringum veikindi og frí/leyfi starfsamanna. Nokkuð var um veikindi starfsmanna og svo fóru starfsmenn í mislönng frí og leyfi. Með góðu skipulagi og flottu starfsfólki gekk allt starf sinn vanagang á deildinni.

Í haust til að byrja með var mikið um starfsmannabreytingar og erfitt var að skipuleggja starfið inn á deild. Mætti gera umbætur á því sviði eða passa betur upp á að hafa vant starfsfólk í vissum hlutverkum. Fyrir jóla missti deildin vanann starfsmann úr leikur að læra og vanann starfsmann sem tók að sér listasmíðjuna og vináttuverkefnið.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vináttu- verkefnið	Að hafa að minnsta kosti tvær kennslustundir í viku. Ýta á eftir nýrri tösku fyrir yngri börn	Fá efnið fyrir 2-4 ára. Hitt er of erfitt. Að minnsta kosti einn sé yfir verkefninu.	Byrjum 1.sept. – 1.júlí.	Berglind → Elsa (deildarstjóri)	Stundirnar verða metnar á deildarfundum þegar þess er þörf. Svo verður gert innra mat á starfinu næsta vor.	Markmiðið er að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors annars með samræðum og söng.
LAL	LAL hefur gengið vel í vetur, þyrftu fleiri starfsmenn að koma sér inn í kennslu-aðferðina svo hún verði virkari. Mikilvægt að hafa einn starfsmann með yfirumsjón	Það er komið mjög gott hefti þar sem kennslan er sett upp á mjög auðveldan hátt. Nota kennsluheftið meira.	Byrjum verkefnið 1. sept. til 31.nóv. Byrjum aftur í 1.feb. – 31.maí.	Siggi → Snæbjörn Elsa (deildarstjóri) með umsjón	Verkefnið er metið jafn óðum og verður aðlagð að hópnum og getu barnanna jafn óðum.	Markmiðið er að krakkarnir verði búnir að ná tökum af stórum hluta stafrófsins, litirnir verði komnir 100%, form að vissu leiti og stærðfræði kunnátta verði á grunnstigi. Gera námið skemmtilegt fyrir krakkana.
List- kennsla	Listkennsla hefur gengið mjög vel og hafa börnin verið iðin við að skapa.	Væri gott að unnið sé eftir verkefnum deildarinnar hverju sinni. Hafa þemu á deildinni sem listasmiðjan fylgir	Byrjum 1.sept. – 1.júlí.	Berglind → Grace	Endurmat á deildarfundum í vetur.	Að þau læri að breyta skærum og blýanti. Læra að njóta þess að vera skapandi og vera stolt af sínum verkefnum.
Íþróttir	Íþróttir hafa verið mjög breytilegar í vetur og hafa börnin fengið að kynnst alls kyns íþróttum t.d. Ballett, þrautabrautum, stepp dansi, boltaleikjum og margt fleira.	Kennslan er sett upp þannig að börn fái að upplifa allskonar og að þau komi aðeins út úr þægindarmannum sínum og prófi nýja hluti.	Byrjum 1.sept. – 1.des. byrjum svo aftur 15.jan. – 30.júní.	Sigga Björk Rakel Elsa (deildarstjóri)	Kennslan verður metin á deildarfundum ef þörf er á. Annars metið í innra mati næsta vor.	Að börnin læri að fara eftir fyrirmælum. Að þau fái að upplifa hvað þau geta og að upplifa sigra á því sem þau þora ekki.
Söngur og lestur bóka	Mikið hefur verið um söng, sögur og lestu bóka í vetur. Að jafnaði eru tvær samverur á dag þar sem allt þetta er tekið fyrir. Val á bókum og lögum	Vera með skipulagðari þemu yfir hvaða lög og bækur er verið að lesa og syngja hverju sinni. Mikilvægt að hafa tvær samverur	Byrjum 1.sept. – 1.júlí.	Elsa (deildarstjóri) Sigga Siggi Snæbjörn Rakel Grace	Sögur, söngur og bækur voru metið jafn óðum og aðlagð að hópnum og getu barnanna jafn óðum.	Að börn læri að fara eftir fyrirmælum og sitja á sínum stað og fylgjast með í samverustundum. Auka áhuga barna á sögum, söng og lestri bóka



Hópastarf	hefur að einhverju leiti fylgt þemadögunum.	fyrir þennan aldurshóp.				
	Hópastarfið í vetur hefur einkennst af LAL, íþróttum, listasmiðju og vináttuverkefninu. Heilt yfir hefur hópastarfið gengið vel.	Mikilvægt að halda hópastarfinu gangandi. Sniðugt að hafa ákveðin þemu í hópastarfi yfir ákveðið tímabil. Mikilvægt að hafa þægilega stærð af hópum, mest 8 í hóp.	Byrjum 1.sept. – 1.júlí.	Elsa (deildarstjóri) Sigga, Siggí, Snæbjörn, Rakel, Grace	Hópastarfið var metið jafn óðum og aðlagð að hópnum og geta barnanna jafn óðum.	Að börn læri að fara eftir fyrirmælum og fylgjast með ákveðnum verkefnum. Að auka kunnáttu barnanna á mörgum sviðum ekki síst félagslega.



Putaland

Á Putalandi eru yngstu börnin fædd 2016-17. Á Putalandi er aðlögun inn í skólann að hausti og flestir að byrja sína leikskólagöngu því leggjum við ríka áherslu á að börnunum líði vel og kynnist sem best leikskólanum. Þegar allir eru orðnir rólegir og sáttir getum við byrjað að vinna eftir aðalnámskrá og við gerum það líka í gegnum leikur að læra. Við byrjum með einfaldar reglur og lærum samskipti hvert við annað. Við skiptum árinu niður og höfum ákveðin þemaverkefni eftir árstíðum. Sem dæmi er laufblöð á haustin og svo vorum við með líkamspartana, litabema, Bókstafurinn minn, íslensku húsdýrin, Form og fleira. Við störfum eftir kennsluaðferðinni Leikur að læra og voru þær kennslustundir tvisvar í viku þar sem hreyfing er notuð til að kenna börnunum litina, para saman, lærum fjölda, dýrin, undir og yfir hugtök og bókstafinn sinn o.m.fl, einnig var foreldra verkefni Leikur að læra var tvisvar í viku þar sem foreldrar gera lítið verkefni með börnunum sínum áður en börnin koma inn á deild.

Við fórum í salinn einu sinni í viku í hreyfingu og nýttum deildina til að vera með Leikur að læra stund. Settar voru upp einfaldar brautir sem reyndu á jafnvægi og þor, einnig lékum við okkur með bolta og dönsuðum.

Listasmiðjan var vel nýtt þar sem var málað og fönðra með hinum ýmsu aðferðum. Þó að við hefðum ekki listasmiðjuna stoppaði það okkur ekki og við máluðum og fönðruðum mikið inni á deild. Við vorum líka mikið í skyn, hreyfi- og upplifunar verkefnum.

Á Putalandi eru alltaf bækur í þeirra hæð og þau geta alltaf nálgast þær. Við lesum mikið fyrir börnin og syngja fyrir og með þeim. Við reynum að tákna sem mest þegar við syngjum. Þetta gerum við í samverustundum og notum líka loðtöflusögur, börnin virðast njóta þess að þegar við lesum loðtöflusögur þar sem bækurnar verða mun sýnilegri.

Samverustundir eru tvisvar á dag þar sem við erum að læra að sitja kyrr, hlusta og syngja saman. Við höfum líka valið bók og unnið verkefni út frá sögunni. Við spjöllum oft um lögin sem við erum að syngja og segjum sögur í kringum lögin.

Hópastarfið gekk vel það sem unnið var og markmið þess var að láta sama hópinn vera í flæði inni á deildinni. Vinna stutt verkefni og svo skipta um stöð með reglulegu millibili.

Útivera var mikil og góð við vorum dugleg að fara í ferðir í okkar nærumhverfi og heimsækja aðra leikskóla og róluvelli.

Vináttuverkefnið mætti vera markvissara og vinnum við í því, en það sem hefur stoppað okkur í vinnu með vináttuverkefnið er að okkur vantaði kennsluefnið fyrir aldurinn 2-3 ára sem kom út eftir áramót, þar sem verkefnið sem við eigum er of erfitt fyrir þennan aldur sem er á deildinni. Í byrjun leikskólavalar sinnar fá öll börn afhendan bangsa sem fylgir vináttuverkefninu, börnin hafa mjög gaman af sínum bangsa og er hann geymdur í veggteppi þar sem hvert barn á sinn vasa með mynd af sér og er hann alltaf aðgengilegur fyrir þau.




Umbótaþættir Putaland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
LAL	Barnið kunnir og þekki líkamsparta, liti, form, íslensk dýr og sinn bókstaf	Börnin náðu nokkuð góðum tókum á þessu	Tvær stundir í viku með kennara	Deildarstjóri er ábyrgðaraðili	Deildarstjóri metur stöðuna og framfarir barnanna	Að börnunum líði vel og njóti stundanna en á krefjandi og lærdómsríkan hátt
Vináttuverkefni	Vinna út frá kennsluefni barnaheilla	Taka verkefni inn í hópastaf 2x í viku	Byrja sem fyrst september	Deildarstjóri	Meta hvernig gekk að framfylgja áætlun	Að verkefnið skili sér til barnanna
Söngur og lestur bóka	Taka oftari fyrir bækur og vinn verkefni út frá þeim	Hafa alltaf bækur til staðar	Ræða um innihald bókanna	Gurrý	Endurtekning er hluti af námsferlinu	Að bækurnar séu aldursviðmiðandi
Hópastarf	Að börnin njóti sín og læri að takast á við margbreytilegan efnivið	Grípa í áhugasvið barnanna og virkja inn í starfið	Nota allar stundir sem gefast á veturna	Samstarf allra á deildinni	Deildarfundir og undirbúningur til að fá innblástur og hugmyndir að nýjum verkefnum	Að börnin kynnist nýjum áskorunum og læri nýjar aðferðir til náms og leiks



3 Ytra mat

Viðhorfskönnun foreldra leikskólabarna var gerð á vorönn á vegur Skóla og frístundasviðs þar kom fram að heildaránægja með leikskólann er 4,61 og er það mjög gott þar sem við erum vel yfir meðalagi með ánægju hjá leikskólum borgarinnar. Við erum yfir í öllum þáttum er varðar barnið og starfið og upplifun af leikskólanum. Einnig erum við yfir í flestum þáttum er varðar stjórnun og stefnu leikskólans en aðeins undir í að stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi.

Við erum undir í þeim þáttum er varðar foreldra og starfið og finnst foreldrum að við höldum þeim ekki nógu vel upplýstum um framfarir barnsins, ábendingum ekki vel tekið, og að þeir taki ekki þátt í að meta framfarir barnsins. Þetta eru þættir sem við þurfum að skoða vel til að bæta okkur.



Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Samstarf við foreldra varðandi upplýsingar um framfarir barnsins og meiri þátttöku foreldra að tillögum og hugmyndum.	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Að bæta upplýsingarflæði i um framfarir barna til foreldra.	Halda fund með öllu stjórategmi skólans og skoða hvað hægt er að bæta	Fyrsti fundur í sept.	Leikskólastjóri	Safna gögnum.	Könnu til foreldra vor 2020 í Survey Monki.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin byrjuð í apríl og tókst að taka deildarstjóra og sérkennslustjóra í viðtöl ásamt nokkrum öðrum. Ekki tókst að klára öll viðtölin þannig að í haust verða tekin styttri viðtöl við þá starfsmenn sem eftir urðu. Leikskólastjóri og aðstoðar leikskólastjóri hafa skipt samtölunum á milli sín.

Allt starfsfólk hefur fengið fræðslu um Leikur að læra, Saga Stepheesen var með fyrir lestur um fjölmenningu „Gefðu mér 10“, Þórhallur Maach upplýsingartæknideild UTD kynnti „Outlook 365“, Ellen Calman verkefnastjóri SFS kom með fræðslu um „Barnasáttmálan og ofbeldi á börnum“.

Leikskólastjóri var í Forustunámi í vetur og námskeiðið í „Uppeldi sem virkar“ hjá Greiningarstöðinni. Nokkrir starfsmenn fóru í námskeið í Atferlisfræði hjá Greiningarstöðinni og námskeið hjá Barnaheill vegna Vináttuverkefnis.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Háaleitisskóla-Hvassaleiti, Krakkakots og leikskólans Austurborgar veturinn 2018-2019. Samstarfsaðilar hittast í Hvassaleiti 28. sept. kl. 10

Skólahópur frá Austurborg í heimsókn í Krakkakot	Fimmtud. 8. nóv. kl.10-11	Skoða aðstæður
Nemendur í 7. bekk heimsækja Austurborg	Föstud. 16. nóv. Kl. 13-14	Lesi fyrir leikskólanema. Í tilefni dags ísl. tungu
1. bekkur fer í heimsókn á Austurborg	Föstud. 14. des. Kl. 10:30-11:45	Rifja upp gömul kynni og leika
3. bekkur í Hvassó fer í heimsókn í Austurborg	Föstud. 11. janúar Kl. 10:30-12	Kennir skólahópnum að gera vinabönd
Heimsókn 1. bekkja nem. í Krakkakoti á Austurborg	Fimmtud. 24. jan. Kl. 13:50	Börnin leika sér og drekka saman
Fundur á Austurborg fyrir foreldra væntanlegra 1. bekkinga næsta skólaár.	Mánud. 4. febr. kl 16-17	Ester, Tóti og Ásta Margrét
Skólahópur Austurborgar í heimsókn í 3. bekk	Föstud. 22. febr. kl. 10:30-11:30	Nemendur í 3. bekk sýna þeim skólann
Heimsókn skólahóps af Austurborg í 1. bekk í Hvassaleiti	Þriðjud. 12. mars Kl. 10:50-12:00	Helmingur nem. fer í smíði og helmingur í 1. bekk og skipt eftir einn tíma
Heimsókn skólahóps til 1. bekkjar	Miðvikud. 24. apríl kl. 10:10-11:30	Börnin koma með nesti og drekka í matsalnum með 1. bekk, farið í útileiki ef veður leyfir
Heimsókn skólahóps í Krakkakot	Föstud. 10. maí kl. 14-15	Óvænt



Vorskólinn.	Fimmtud. 16. maí kl. 14-15:30	Foreldrar og nemendur allra barna sem skráðir eru í Hvassaleiti eru boðaðir persónulega á fundinn.
-------------	-------------------------------	--

- ✓ Íþróttahús Háaleitisskóla-Hvassaleiti stendur Austurborg til boða á mánudögum kl. 10-12 í vetur.
- ✓ Þjóða skólahóp Austurborgar í heimsókn þegar 1. bekkur er með skemmtun á sal.
- ✓ ATH. Háaleitisleikana, þjóða skólahóp í pylsuveislu.
- ✓ Krakkakot og Austurborg sameinast um Halloween skemmtun í lok október.

6 Foreldrasamvinna

Foreldrafundir Þegar aðlögun er hafin bæði að vori og hausti þá eru nýir foreldrar boðaðir í sal þar sem farið er yfir áherslur og reglur leikskólans. Foreldrar skrifa undir dvalarsamning og fá foreldrahandbók með helstu upplýsingum. En einnig höfum við þann háttinn á að hver deild boðar foreldra til morgunfundar að hausti til að kynna starfsfólk og deildarstarf. Í haust verða kynningar á deildum kl. 9:00 en Putaland sem er yngsta deildin mun bjóða foreldrum á kynningu þegar aðlögun lýkur og jafnvægi er komið í barnahópinn.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og vori. Þá eru foreldrar boðaðir til viðtals við deildarstjóra þar sem foreldrar fá upplýsingar um hagi barnsins bæði í leik og starfi. Einnig veitir deildarstjóri þeim upplýsingar um starf deildarinnar. Foreldrum gefst alltaf kostur á að ræða við deildastjóra/ leikskólakennara um hagi barnsins þegar þeir óska.

Foreldrafélag Í Austurborg starfar foreldrafélag og foreldrar ganga sjálfkrafa í félagið þegar barnið byrjar í leikskólanum. Á hverju hausti er haldinn aðalfundur félagsins með haustfundi leikskólans, þar sem gjald vetrarins er m.a. ákveðið og starfsemin kynnt. Hlutverk félagsins er einkum að efla tengsl foreldra og starfsmanna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Kosið er í félagið á hverju hausti og eru það c.a átta foreldrar ásamt aðstoðarleikskólastjóra sem sitja þá fundi sem félagið ákveður. Foreldrafélagið heldur 2-3 fundi á hvorri önn og eru fundirnir haldnir á kvöldin.

Foreldrafélagið styður vel við bakið á leikskólastarfinu og á sumarhátíð skólans buðu þau uppá hoppukastala, Sirkus, andlitmálningu, blöðrudýr og margt annað skemmtilegt. Jólaskemmtun með leikhópnum Lottu, tónlista og sagnahópnum Dúi og Stemma ásamt jóla og páskaglaðning til barnanna. Foreldrafélagið heldur einnig utan um facebook síðu undir nafni leikskólans þar sem fer fram upplýsingaöflun og jákvæð skrif.

Í foreldraráði eru þrír foreldrar og þeir fengu kosningu á Aðalfundi foreldrafélagsins í október 2018 og verður aftur kosning í haust þar sem börn tveggja í ráðinu eru að hætta. Foreldraráðið fundar 2-3 sinnum á vetri með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og farið er yfir starf vetrarins og áherslubreytingar ef einhverjar eru.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Skipulagsdagar næsta vetrar verða sex eins og síðustu ár og verða þrír þeirra með grunnskólanum: Föstudaginn 6. september (hópefling og fræðsla)
- Föstudaginn 11. október (Sameiginlegur starfdagur LAL skólana)
- Mánudagur 27. Janúar (sameiginlegur með grunnskólanum)
- Föstudaginn 24. apríl (sameiginlegur með grunnskólanum)
- Föstudaginn 22. maí (sameiginlegur með grunnskólanum)

Eigum eftir að ákveða einn skipulagsdag en við stefnum á að fara erlendis í vor og vorum að huga að því að nota heilan eða hálfan daga við sumardaginn fyrsta 24. apríl en erum ekki búin að ákveða það.

Það sem er vitað nú þegar er að einn skipulagsdagur verður starfsdagur LAL -skólana (*Leikur að læra*). Við fengum A-styrk vegna Menntastefnu og ætlum að skoða Heilbrigði hjá okkur. Ætlunin er að innleiða meiri slökun og yoga á elstu deildarnar þar sem við höfum áhyggjur af kvíða og stressi hjá börnum og fá því fræðslu um það á einum skipulagsdegi.

Strax í haust mun leikskólastjóri huga að námskeiðum og skipulagningu skipulagsdaga næsta vetrar.

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Hrafnhildur Konný Hákonardóttir
Leikskólastjóri

1.júlí 2019
Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	4	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4 núna en 7 þegar flestir voru	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já, er í vinnslu/uppfærslu	Október 2019
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já en er í nánari uppfærslu	September 2019
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	Þarf að auka virka notkun þeirra inni á deildum. Hegðunaráhlutanir eru til staðar á deildum fyrir þau börn sem þurfa og eru í virkri notkun þar.
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Þarf samt að auka m.t.t. nýliðunar á deildum
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	Þarf að auka þann tíma sem gefst til funda með starfsfólki á deildum.
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	Að auki var lagt upp með að hafa fund með hverjum og einum starfsmanni sérkennslunnar 1 sinni í viku til að fara yfir það sem hafði verið gert vikuna á undan og leggja línurnar með vikuna



		framundan. Oft gafst þó ekki tími til þess vegna annarra mála.
--	--	--

Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Klára áætlun um snemmtæka íhlutun á Austurborg	Að fullvinna áætlunina þannig að skýrir verkferlar eftir viðurkenndum aðferðum séu til staðar á Austurborg	Sérkennslustjóri klárar að gera áætlunina og kynnir fyrir leikskólastjóra a sem gefur álit sitt	Vinna er hafin en lýkur um mánaðarmót in ágúst - september	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri	Kynna áætlunina fyrir deildarstjóra m á fundi	Að áætlunin sé í samræmi við núgildandi viðurkenndar aðferðir um áætlun af þessum tagi.
Fundir sérkennslunnar og deilda til að fara yfir mikilvæg málefni barna sem fá sérkennslu	Að auka samvinnu sérkennslunnar og starfsfólks á deildum vegna íhlutunar barnanna	Deildarfundir verði reglulegir og sérkennslustjóri og starfsfólk í sérkennslu fái tíma til að ræða við starfsfólk	Október 2019	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Endurmetið á hverri önn	Mælikvarðin n er hversu oft tókst að fara yfir nauðsynleg mál á deildarfundum
Að fylgst sé enn nánar með málþroska barnanna: 1. Að foreldrar allra þriggja ára barna með íslensku að móðurmáli fylli út í Orðaskil.	Að gripið sé inn í slakan málþroska hjá börnum með viðeigandi íhlutun	Að foreldrar séu meðvitaðir um stöðu barnsins og leggi sitt af mörkum við eflingu málþroska barna sinna	Miðað er við þriggja ára afmæli barns	Sérkennslustjóri , deildarstjórar og foreldrar	Þegar barnið er á bilinu 3,6 – 3,8 mánaða fá foreldrar listann aftur og fylla út	Reiknað út úr listanum og sjá hvort framfarir hafi orðið



<p>2. Að fylgjast með framförum barna með annað móðurmál en íslensku.</p>	<p>Að fylgst sé náið með því hvernig börnum með annað móðurmál en íslensku gengur að ná tökum á málinu sér í lagi ef ástæða er til að ætla að illa gangi að ná tökum á íslenskunni</p>	<p>Stuðst við „Einn leikskóli, mörg tungumál – Leiðarvísir. Skráning á framförum barna með íslensku sem öðru máli“ (Reykjavíkurborg)</p>	<p>Á haustönn 2019</p>	<p>Sérkennslustjóri og deildarstjórar</p>	<p>Á vorönn 2020</p>	<p>Framfarir samkvæmt skráningum</p>
<p>3. Að EFI- 2 málþroskaskimun sé lögð fyrir öll börn á fjórða ári.</p>	<p>Að finna þau börn sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu</p>	<p>Skima öll börn á fjórða ári með EFI-2</p>	<p>Byrjað á skimunum í maí 2019 og heldur áfram og haldið verður áfram í haustið 2019</p>	<p>Sérkennslustjóri en annað starfsfólk sérkennslunnar með leyfi á EFI-2 getur einnig lagt skimunina fyrir</p>	<p>EFI-2 Málþroskaskimun</p>	<p>Að þau börn finnist sem víkja mest frá meðalfærni í málskilningi og máltjáningu</p>



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Þegar barn með annað móðurmál en íslensku byrjar í leikskólanum fær það bók sem heitir <i>Ljáðu mér orð</i> , teknar eru myndir af barninu í ýmsum aðstæðum og settar í bókina sem svo nýtist sem samskiptabók barnsins og foreldra við starfsfólkið. Foreldrar setja svo inn heiti athafnanna á sínu tungumáli.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Notast er við „Gefðu 10“ til að auka samskipti við börnin. Veggspjaldið er á öllum deildum og hugmyndirnar markvisst notaðar til málörvunar barna með annað móðurmál en íslensku við sem flest tækifæri, í leik, frjálsum aðstæðum, við matarborð, í útiveru og í fataherbergjum og salerni. Í samverustundunum er lögð áhersla á að öll börn fái tækifæri til að tjá sig á sínum forsendum og starfsfólk er meðvitað um að aðstoða þarf börn sem eiga í erfiðleikum með að tjá sig og þurfi að hlusta á efni sem hentar. Þau börn sem eru lengur að ná málinu en önnur eru þá í samveru í smærri hópum og efni miðað við getu þeirra í þeim tilgangi að bæta við orðaforða þeirra og viðhalda og auka áhuga þeirra. Leikskólinn notast mikið við kennsluaðferð með öllum börnum sem heitir „Leikur að læra“. Í þeim tímum er miðað við að börn sem eiga í erfiðleikum með tungumálið séu saman í hóp til þess að leiðbeina þeim sérstaklega svo þau fái sem mest út úr náminu.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Það er m.a. gert með frásögnum, lestri, söng, hlustun á leikrit, ýmsum



		verkefnum, svo sem Vináttuverkefni og hópastarfi.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Þegar vísbendingar eru um hægar framfarir er notast við „TRAS“ skráningar og „Orðaskil“ til að meta og fylgjast með málþroskanum og íhlutun sett í gang út frá niðurstöðum. ef tilefni er til. „EFI-2“ skimun hefur einnig verið notuð í til að sjá stöðu barnanna en nú í vor var hafist handa við að skima öll börn á fjórða ári með henni.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	<p>Orðaforði og málskilningur: Með því að segja hvað barnið er að gera og hafa orð á sem flestu í daglegu starfi. Með því að skoða saman Ljáðu mér orð bók barnsins og myndabækur, m.a. en miðað við þann skilning sem barnið hefur.</p> <p>Tjáning og frásögn: Þegar barnið er nýtt í íslensku málumhverfi þá endurtökum við það sem barnið segir til að láta það skynja að það skilst og læri frekar framburðinn. Hvetjum það til meiri samskipta og að nota fleiri orð. Lesum mjög einfaldar myndabækur, eigum samræðu um það sem fyrir augu og eyru ber, tölum um myndirnar og fáum barnið til segja hvað það sér og endurtökum það þegar þörf er á.</p> <p>Hlustun og hljóðkerfisvitund: Sögur, frásagnir, rím, sundurgreiningu orða.</p> <p>Ritmál: Með „Leikur að læra“ aðferðinni er lögð mikil áhersla á stafi og tölustafi.</p> <p>Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun: Lögð er áhersla á að börnin læri að tjá líðan sína og þeim fljótt kennd „lykilorð“ og „lykilsetningar“ sem nýtast í félagslegum samskiptum, svo sem „viltu leika“ og helstu orðin sem</p>



		nýtast í leik með öðrum börnum. Einnig er lögð áhersla á að þau geti tjáð helstu tilfinningar sínar og að biðja um hluti þau vantar.
--	--	---

Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Annað móður- en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Eftirfylgni með hvernig börnum með annað móðurmál en íslensku gengur að ná tökum á málinu	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Fylgjast nánar með málþroska barna með annað móðurmál en íslensku	Nota EFI – 2 fyrir þau börn sem eru á fjórða ári en jafnframt að halda áfram að nota Orðaskil þegar vísbendingar eru um að barn sé lengi að ná tökum á íslensku en einnig að nota skráningar úr Einn leikskóli,			Sérkennslustjóri	Þar til gerðar skimanir og annað efni



	mörg tungumál (Reykjavíkur borg) til að fylgjast með framförum og annað efni sérstaklega ætlað fyrir börnin.				
--	--	--	--	--	--



Starfsáætlun 2019 – 2020 Austurborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hrafnhildur Svansdóttir
Kristín Erla Kristjánsdóttir
Sigríður Edda Hafberg



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Austurborgar fyrir starfsárið 2019-2020. Starfið hefur einkennst af metnaði og fjölbreytileika þrátt fyrir vissa erfiðleika tengda mönnun. Sérstaklega má nefna verkefnið *leikur að læra* sem skólinn hefur stuðst við síðustu árin. Hér er um að ræða frábæra aðferð til að koma fræðslu til barnanna í gegnum leik. Áhugavert er að þessi aðferð er að skila sér í góðum mælingum á námsárangri barnanna. Ánægjulegt er að heyra að leikskólinn ætlar að halda áfram þessu starfi og fróðlegt verður að fylgjast með þróun þess.



Í leikskólastarfinu er meðal annars lagt mikið upp úr hreyfingu. Íþróttir hafa verið áberandi í vetur og börnin hafa haft gaman að kynna sér ýmsar tegundir af íþróttaiðkun. Einnig hefur danskennsla verið á dagskrá og börnin sýnt afraksturinn fyrir foreldrana við mikinn fögnuð. Vináttuverkefnið hefur aðeins setið á hakanum sökum manneklu en þó er greinilegt að það skilar sér til barnanna í aukinni samkennd og félagsfærni.

Foreldrar fá vikulega pósta þar sem farið er yfir starfið í máli og myndum, sem er afskaplega ánægjulegt og fróðlegt. Það má einnig nefna metnaðarfullt starf í tengslum við jólagjafir barnanna en þar fá þau sjálf að koma með hugmyndir að gjöfum fyrir foreldrana og framkvæma þær líka. Þetta ferli er síðan skrásett í máli og myndum og fylgir með gjöfinni. Gjöfin verður mjög persónuleg fyrir vikið.

Á Austurborg er unnið gott starf þar sem lagt er upp úr virkni barnanna og mælist ánægja meðal foreldra með starfið vel yfir meðallagi.



